

LANGANESBYGGÐ

Byggðaráð, 55. fundur, 28. maí .2026



Sæl kærur bæjar- og sveitarstjórar

Meðfylgjandi er uppfærð tillaga að kostnaðarskiptingu sveitarfélaga vegna reksturs Bjarmahlíðar.

Eins og þið þekkið er þolendamiðstöðin háð framlögum frá ykkur og er rekstrinum afar þröngur stakkur sniðinn af hálfu ríkisins. Við erum að reyna að byggja undir reksturinn þannig að við getum verið með tvö stöðugildi í Bjarmahlíð enda er starfsemi með einu stöðugildi afar viðkvæm og má við litlu. Sveitarfélögin í umdæminu hafa gert vel síðustu árin og komið að rekstrinum sem hefur gjörbylt umhverfinu og nú lítur út fyrir að við náum að halda úti tveimur stöðugildum. Ykkur ber að þakka fyrir það. Allir vilja bjóða upp á þjónustuna áfram fyrir þolendur ofbeldis og það er lykilatriði.

Fyrstu kostnaðarskiptingu sendi ég ykkur fyrir árið 2025 og svo lagði ég til nýja útgáfu vegna athugasemda fyrir árið 2026. Athugasemdir bárust um að það færi betur á því að miða meira við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi en gert hafði verið. Ég afhendi ykkur því núna nýja tillögu að kostnaðarskiptingu sem byggir á því að grunnframlag sé 200.000.- kr. á öll sveitarfélögin og síðan sé greitt gjald sem byggir á íbúafjölda miðað við íbúafjölda á síðasta ársfjórðungi árið 2025.

Hér að neðan sjáið þið töfluna, bæði með fyrri skiptingu og svo nýju tillögunni. Aftasti reiturinn er það sem lagt er til að sveitarfélögin greiði hvert um sig fyrir árið 2027. Enn er reiknað með að framlag vegna húsnæðis komi til frádráttar framlagi Akureyrarbæjar.

Framlagið hækkar mest hjá Akureyrarbæ frá fyrri skiptingu og svo Norðurþingi og nokkuð í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð en það byggir á íbúafjölda sveitarfélaganna. Þá lækkar fjárhæðin hjá sumum sveitarfélögum.

Ég lofaði að vera fyrr á ferðinni með tillöguna fyrir næsta ár en áður þannig að það trufla ekki fjárhagsvinnu ykkar í haust.

Ég sendi ykkur hana því nú fyrir sumarið og óska eftir því að þið komið henni í farveg inn í áætlunarvinnu sveitarfélaganna.

LANGANESBYGGÐ

Byggðaráð, 55. fundur, 28. maí .2026



| Sveitarfélag | Fyrri nálgun | | | | Mannfjöldi 2025A4 | Hlutfall íbúa | Ný tillaga | | |
|-----------------------------|-------------------|-------------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|---------------|--------------------|---------------------|--------------------|
| | Framlag 2025 | Framlag í formi húsnæðis ofl. | Til greiðslu 2025 | Hlutfall framlags | | | 200.000 | 200.000 | 200.000 |
| | | | | | | | Grunnur | Hlutfallað mv. íbúa | Samtals-ný tillaga |
| 1. Akureyrarbær | 5.000.000 | 3.000.000 | 2.000.000 | 50,0% | 20.290 | 62,8% | 200.000 | 6.154.194 | 6.354.194 |
| 2. Dalvíkurbyggð | 600.000 | | 600.000 | 6,0% | 1920 | 5,9% | 200.000 | 582.358 | 782.358 |
| 3. Eyjafjarðarsveit | 600.000 | | 600.000 | 6,0% | 1210 | 3,7% | 200.000 | 367.007 | 567.007 |
| 4. Fjallabyggð | 600.000 | | 600.000 | 6,0% | 1970 | 6,1% | 200.000 | 597.524 | 797.524 |
| 5. Norðurþing | 600.000 | | 600.000 | 6,0% | 3020 | 9,3% | 200.000 | 916.001 | 1.116.001 |
| 6. Þingeyjarsveit | 600.000 | | 600.000 | 6,0% | 1470 | 4,5% | 200.000 | 445.868 | 645.868 |
| 7. Grýtubakkahreppur | 400.000 | | 400.000 | 4,0% | 370 | 1,1% | 200.000 | 112.225 | 312.225 |
| 8. Hörgársveit | 400.000 | | 400.000 | 4,0% | 940 | 2,9% | 200.000 | 285.113 | 485.113 |
| 9. Langanesbyggð | 400.000 | | 400.000 | 4,0% | 540 | 1,7% | 200.000 | 163.788 | 363.788 |
| 10. Svalbarðsstrandahreppur | 400.000 | | 400.000 | 4,0% | 520 | 1,6% | 200.000 | 157.722 | 357.722 |
| 11. Tjörneshreppur | 400.000 | | 400.000 | 4,0% | 60 | 0,2% | 200.000 | 18.199 | 218.199 |
| Samtals: | 10.000.000 | | 7.000.000 | 100,0% | 32.310 | 100,0% | 2.200.000 | 9.800.000 | 12.000.000 |
| | | | | | | | Heildarstyrkir | 12.000.000 | |
| | | | | | | | Hlutfölluð fjárhæð | 9.800.000 | |

Bestu kveðjur til ykkar
Kv. Páley

Páley Borgþórsdóttir

Lögreglustjóri
Yfirstjórn LNE

pb02@logreglan.is

Lögreglustjórinn á**Norðurlandi eystra**

Þórunnarstræti 138

600 Akureyri

nordurland.eystra@logreglan.is

4442800



UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI